

Fundargerð 58. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 16. janúar 2020, kl. 15:00

Dagskrá:

- 1. Skipting stjórnarsýslusvæða**
- 2. Jafnvægisás ferðamála - myndræn framsetning í Power BI.**
- 3. Önnur mál**

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR, mætti 15:30), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN, mætti 15:10), Björn Helgi Barkarson (UAR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN, mætti 15:10), Elín R. Guðnadóttir (ANR mætti kl. 16), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Pétur Berg (FOR, fór kl. 15:25), Þór Þórarinsson (FÉL, mætti 15:10), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN, fór 15:50), Karl Björnsson (Sambandinu), Laufey K. Skúladóttir (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Árni Freyr Stefánsson (SRN), Hrund Hafteinsdóttir (UTN) og Bjarni Guðmundsson (landshlutasamtökunum).

Fundargerð 57. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Erindi frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundarmenn höfðu fengið sent erindi frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) þar sem óskað var eftir að færa fjármagn frá einu áhersluverkefni ársins 2019 sem fellur niður yfir á annað áhersluverkefni. Beiðnin er sett fram með fyrirvara m samþykki stjórnar SSH. Stýrihópurinn gerir ekki athugasemd við þessa tilfærslu fjármuna.

2. Skipting stjórnarsýslusvæða

Í kjölfar undirritunar nýrra sóknaráætlanasamninga lagði forsætisráðherra það til við ríkisstjórnina í desember sl. að taka svæðaskiptingu stjórnarsýslunnar til skoðunar. Pétur Berg Matthíasson (FOR) kynnti þessa vinnu forsætisráðuneytis, sem er einkonar forkönnun sem ætlað er að leiða í ljós hvort aðgerða sé þörf. Meðal annars á að skoða hvort mismunandi svæðaskipting málaflokka skipti máli og þá hverju. Áætlað er að þessari könnun verði lokið í febrúar.

Stýrihópurinn fagnar þessari vinnu forsætisráðuneytis og er tilbúinn til að leggja sitt af mörkum verði eftir því leitað.

3. Jafnvægisás ferðamála – gagnaöflun og myndræn framsetning í Power BI.

Anna K. Einarsdóttir og Hildur Kristjánsdóttir (ANR) kynntu framkvæmd gagnaöflunar sem er lögð til grundvallar við stefnumótun íslenskrar ferðabjónustu. Kynnt voru þrjú verkefni sem tengjast og skoða þarf í samhengi í þessu sambandi, en þau eru framtíðarsýn til 2030, Jafnvægisás ferðamála og stjórnborð gagna í Power BI þar er gögnum safnað sem styðja við mælikvarða stefnunnar og eru sett fram með myndrænum hætti. Að verkefninu standa, auk ráðuneytisins, Stjórnstöð ferðamála, Samband íslenskra sveitarfélaga og

Samtök ferðapjónustunnar. Að lokinni kynningu varð talsverð umræða um það hvort of margir aðilar séu að safna samskonar upplýsingum og setja upp í veitu. Einnig var komið að samnýtingu milli ráðuneyta á þessum upplýsingum sem gögnin geyma.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30